

## SKIPULAGSSKRÁ

### Styrktarsjóðs Áslaugar Hafliðadóttur.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Áslaugar Hafliðadóttur. Sjóðurinn er stofnaður af dánarbúi Áslaugar Hafliðadóttur f. 22. ágúst 1929, d. 21. ágúst 2011, kt. 220829-3599, og erfingjum hennar, til minningar um hana og foreldra hennar, þau Sesselju Eiríksdóttur og Hafliða Jón Hafliðason.

Í erfðaskrá, dagsettri 8. nóvember 2007, arfleiddi Áslaug Hafliðadóttir eftir sinn dag Háskóla Íslands fasteignina Bjarkargötu 12 í Reykjavík til minningar um foreldra sína og jafnframt 25% af öllum bankainnstæðum og andvirði verðbréfa í sinni eigu. Styrktarsjóður Áslaugar Hafliðadóttur er andvirði þessara eigna, þ.e. söluandvirði fasteignarinnar ásamt bankainnstæðum og verðbréfum, sbr. 3. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

Sjóðurinn er í umsjá og vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands og fellur undir sjóði sem lúta yfirstjórn Háskóla Íslands.

#### 2. gr.

Tilgangur Styrktarsjóðs Áslaugar Hafliðadóttur helgast af fyrirmælum í erfðaskrá Áslaugar. Samkvæmt henni skal nota sjóðinn til eflingar íslenskrar tungu með þeim hætti sem stjórn Háskóla Íslands telur að koma muni að mestu gagni. Það skilyrði er sett að sjóðurinn verði notaður til sérverkefna á sviði íslenskra fræða eða stuðnings við þá sem leggja stund á íslensk fræði, en gangi ekki til almenns rekstrarkostnaðar háskólans.

Fyrst af öllu er sjóðnum ætlað að styrkja málefni er stuðla að eflingu íslenskrar tungu.

Styrkir skulu veittir starfsmönnum eða nemendum Háskóla Íslands til sérverkefna á vegum háskólans á sviði íslenskra fræða er falla að þessu markmiði, s.s. til rannsókna, þróunar, kennslu, þjálfunar, nýmæla eða tækja og búnaðar í þágu tilgangs sjóðsins. Sérstaklega skal stutt við verkefni er lúta að ritfærni og þjálfun nemenda allra fræðasviða háskólans við beitingu íslensks máls og til að styrkja stöðu íslenskunnar í síbreytilegu tækniumhverfi.

#### 3. gr.

Stofnframlag sjóðsins er 120.000.000 kr. – eitt hundrað og tuttugu milljónir króna.

Einn sjötti hluti stofnframlags sjóðsins, verðbættur, er óskerðanlegur. Tekjur sjóðsins eru eftirfarandi:

Vextir og arður af eignum sjóðsins.

Fé og annað verðmæti sem safnast í nafni sjóðsins.

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands annast ávöxtun sjóðsins og skal hún vera sem hagkvæmust á hverjum tíma og taka mið af fjárfestingastefnu Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

Heimilt er að úthluta til styrkja allt að 100.000.000 kr. á 7-10 ára tímabili sem dreifist sem jafnast á hvert ár, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðanda Styrktarsjóða Háskóla Íslands og þeir birtir með sama hætti og aðrir reikningar Háskóla Íslands.

#### 4. gr.

Rektor Háskóla Íslands skipar þriggja manna stjórn sjóðsins til þriggja ára í senn. Rektor velur tvo og skal annar þeirra vera formaður stjórnar. Erfingjar Áslaugar Hafliðadóttur tilnefna einn stjórnarmann.

Stjórnarstörf eru ólaunuð.

Hlutverk stjórnar er að gera tillögu til rektors um einstakar styrkveitingar, hafa eftirlit með ráðstöfun styrkja og meðferð fjármuna og jafnframt að meta árangur verkefna sem styrkt eru. Stjórnin kemur saman að minnsta kosti árlega. Stjórnin setur sér nánari starfsreglur að höfðu samráði

við rektor og skal stjórn endurskoða starfsreglurnar eftir þörfum. Sjóðstjórn heldur formlega fundargerðabók um starf sitt og afritum fundargerða skal skila til Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

5. gr.

Háskólarektor tilkynnir úthlutun við hátíðlega athöfn.

6. gr.

Minningu Áslaugar Hafliðadóttur skal ávallt haldið á lofti með sýnilegum hætti af hálfu Háskóla Íslands.

Ekki er hægt að leggja sjóðinn niður eða gera breytingar á hlutverki hans og tilgangi af öðrum ástæðum en kveðið er á um í lögum og ekki án þess að sjóðstjórn og rektor Háskóla Íslands séu einhuga um þá ákvörðun. Verði sjóðurinn lagður niður, renna fjármunir hans til málefna er tengjast tilgangi sjóðsins.

7. gr.

Um starfsemi sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki skal leitað á skipulagsskrá þessari og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 3. apríl 2014.*

**Bjarni Stefánsson.**

Lára Kristín Gísladóttir.